

29. fundur Velferðarnefndar Stranda og Reykhólahrepps, haldinn á Hólmavík 1. mars 2016 kl. 13.

Mætt voru: Ingibjörg Emilsdóttir (Strandabyggð), Unnsteinn Árnason (Strandabyggð), Jenny Jensdóttir (Kaldrananeshreppi), Áslaug Guttormsdóttir (Reykhólahreppi) og Oddný Þórðardóttir (Árneshreppi) sem var í síma. María Játvarðardóttir félagsmálastjóri ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Hækkun á fjárhagsaðstoð frá 1. jan 2016.

Lagt er til að fjárhagsaðstoð hækki um 3%, sem er sama hækkun og á greiðslum Vinnumálastofnunar.

Fjárhagsaðstoð, tillaga að hækkun 1. jan 2015 2%, 1. jan. 2016 3%.

	2014	2015	2016
Einstaklingur	130.561	133.172	137.167
Tveggja manna fjölskylda	208.898	213.076	219.468
Þriggja manna fjölskylda	235.100	239.802	246.996
Fjögurra manna fjölskylda	261.123	266.345	274.335
Fimm manna fjölskylda	287.235	292.979	301.768
Sex manna fjölskylda	313.347	319.613	329.201

Samþykkt.

Nokkrar umræður urðu um fjölda funda í Velferðarnefnd en nefndin hefur ekki komið saman síðan í apríl á síðasta ári. Fá erindi hafa borist nefndinni á þessum tíma og hefur félagsmálastjóri haft þann hátt á að þegar erindi hafa borist sem falla innan reglna um fjárhagsaðstoð að hafa samband við fulltrúa viðkomandi sveitarfélags og fá samþykki fyrir að veita aðstoðina. Nefndin gerði ekki athugasemdir við þessa tilhögun en þó þótti nokkuð langt frá síðasta fundi.

2. Umsóknir um fjárhagsaðstoð.

1. Sótt er um fjárhagsaðstoð í júlí, ágúst og september 2015 á móti hálfum atvinnuleysisbótum. Samþykkt og fært í trúnaðarbók.
2. Sótt er um fjárhagsaðstoð á móti bótum Tryggingastofnunar í desember. Samþykkt og fært í trúnaðarbók.
3. Sótt er um fjárhagsaðstoð í desember. Samþykkt og fært í trúnaðarbók.

3. Umsóknir vegna fatlaðra.

1. Sótt er um liðveislu 20 tíma á mánuði frá apríl til sept.
2. Sótt er um ferðir með ferðapjónustu fatlaðra í einn mánuð í Reykjavík vegna endurhæfingar. Samþykkt og fært í trúnaðarbók.

4. Umsóknir vegna fatlaðra barna.

1. Sótt er um sumarnámskeið fyrir fatlað barn.
Samþykkt og fært í trúnaðarbók.
2. Sótt er um þroskajálfun tvisvar í viku í sumar fyrir fatlað barn.
Samþykkt og fært í trúnaðarbók.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14.

Ingibjörg Emilsdóttir

Unnsteinn Arnason

Jenny Jensdóttir

Áslaug Guttormsdóttir

Oddný Þórðardóttir